

Samantekt vegna verkefnisins „Brúkum bekki“ 2012-23 í Hafnarfirði

Á vorkundi Öldungaráðs Hafnarfjarðar 5. maí 2012 var undirritað samkomulag um Samfélagsverkefnið, „Brúkum bekki“, milli Öldungaráðs, FEBH, Félag sjúkráþjálfara og Hafnarfjarðarbæjar með því að settir verði upp bekkir með 250 til 300 m. millibili með því markmiði að stuðla að aukinni hreyfingu eldri borgara og gera þeim kleift að fara út að ganga og geti sest niður á bekki og þannig aukið á gæði hreyfingar í sínu nær-umhverfi.

Leitað var til fyrirtækja og félagsamtaka í Hafnarfirði að koma að verkefninu með okkur.

Í fyrsta áfanga sem kom til framkvæmda 2013 voru eftirtalin fyrirtæki og félagasamtök aðilar að verkefninu. Actavis, Arion-banki, Atlantsólía, Hvalur, IKEA, Verkfræðistofa VSB, Kiwanisklúbburinn Hraunborg, Félag eldri borgara Hafnarfirði, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Sjúkráþjálfarinn, Bandalag kvenna Hafnarfirði, Lionsklúbbur Hafnarfjarðar, Vlf. Hlíf 2 bekkir, Rótaríklúbbur Hafnarfjarðar, Kvennnfélagið Hringur 2 bekkir, Málmsteypan Hella 2 bekkir og Hafnarfjarðarbær 10 bekkir, samtals 30 bekkir.

2015 komu eftirtalin fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar að verkefniun sem samstarfsaðilar: Fjarðarkaup, Íslandsbanki, Frímúrarastúkurnar Hamar og Njörður, Kiwanisklúbburinn Eldborg, Guðlaugur Jónasson, Valitor 3 bekkir, Öldrunarmiðstöðin Höfn 2 bekkir, Málmsteypan Hella, Hafnarfjarðarhöfn og Lionsklúbburinn Kaldá.

Bekkirnir eru framleiddir hjá **Málmsteypunni Helli**, sem gefur 10 hvern bekk sem keyptur er af þeim og hafa gefið 3 bekki. Bekkirnir eru merktir gefendum eða gefandi vill tileinka bekkinn ákveðnum aðila

Efnt var til hugmyndasamkeppni hönnunardeildar Iðnskólans í Hafnarfirði 2013 nú Tækniskólans um tillögu að bekk og komu margar áhugaverðar tillögur og bekkurinn Vörður var valin vorið 2015 en framleiðslu á frumgerð sem unnin er af nemendum skólans undir handleiðslu kennara en Hrafnkell er umsjónarmaður verksins á vegum skólans, og skólameistari Tækniskólans afhenti bekkinn formlega 2. okt. 2019. Hönnuðir eru, Ásdís Ýr Einarsdóttir, Erla Rún Ingólfssdóttir og Reynir Reynisson. Bekkurinn er staðsettur við Rauðsnef á Langeyrarmölum.

Áætlað er að gera fleiri eintök og hafa Trefjar lýsti áhuga að framleiða bekkina og karlar í skúrum smíða mótið og vonandi leggur bærinn til efni í mótið. Leitað verður eftir tillögum um staðsetningar

Einnig var sent bréf til allra Grunnskóla í Hafnarfirði haustið 2015 þar sem leitað var eftir að hver skóli smíðaði bekk sem staðsettur yrði við hvern skóla og yrði merktur verkefninu og er það von að skólarnir komi að þessu samfélagsverkefni þó

seinna verði. Stór trébekkur við leikskóla Hjallastefnunnar við Hjallabraut verður merktur verkefninu.

Ásmegin sjúkráþjálfun í eigu Kristinns Magnússonar sjúkráþjálfara hefur gefið 12 bekki af gerðinni Klettur sem staðsettir eru við göngustíg kringum Ástjörn og í næsta nágreni. Þetta er stærsta einstaka gjöf í verkefnið Brúkum bekki og er að verðmæti yfir eina og hálf milljón, vígsla fór fram í vorið 22.

Nýjustu bekkirnir nú í vor er frá Bandalagi kvenna í Hafnarfirði í tilefni að 50 ára afmælis BKH, bleiki bekkurinn við Bókasafnið og bekkur við smábátahöfnina gefinn af afkomendum „ Til minningar um heiðurshjónin Ara Magnús Krisjánsson skipstjóra og Huldu Júlíönu Sigurðardóttur kaupmann. Höfnin var stór þáttur í þeirra lífi „

Eru 70 bekkir merktir verkefninu sem gjöf frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum á merktum gönguleiðum þar sem eru 250 m til 300 m á milli bekkja auk fjölda bekkja bæjarins og bekkja á biðstöðum strætó sem gera gönguleiðirnar víðtækari um bæinn.

Einnig hafa Lions menn í Hafnarfirði sett upp bekki við Hvaleyrarvatn og nú í júlí færði Rótarýklúbbur Hafnarfjarðarbæ sex bekki á Káldárselsstíginn. Frábært framtak hjá Lion og Rótarý

Útbúið var kort af bænum unnið af Ishmael David hjá bænum, sem sýnir allar gönguleiðir þar sem bekkir eru með 250 m til 300 m á milli bekkja, hægt er að segja að í Hafnarfirði er stutt í næsta bekk. Kortin eru í öllum íþróttahúsum, sundstöðum, í Hraunseli, Hjallabrautt 33, Hrafnistu, Höfn og í þjónustuveri bæjarins. Aðal samstarfsaðilar hjá Hafnarfjarðarbæ hafa verið Helga Stefánsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir og Ishmael Roberto Davið og viðkomandi bæjarstjóri á hverjum tíma.

Verkefnið heldur áfram og við hvetjum alla sem vilja koma að verkefninu að hafa samband og einnig að við fáum umsögn um verkefnið og ábendingar um nýjar gönguleiðir. Áhugavert er að kynslóðir ræði málið og þeir yngri aðstoði þá eldri og gangi saman og setjist niður á bekk og taki upp létt bekkja spjall því við erum jú öll á sama bekk. Nú er komið að því að uppfæra kortið.

Við [Kristinn Magnússon](#) fórum í göngu kringum Ástjörn 6. júní til að meta aðstæður á göngustígnum og skoða frágang við niðursetningu á bekkjunum sem hann og Ásmegin gáfu. og kom fram að það þarf að bæta í jarðvegiminn mól og hreinsa steina til að gera gönguleiðina öruggari frá göngubrú frá Völlum og alveg inn í krikan við Ásfjalli og fyrir neðan Hádegisskarð, göngustigurinn fyrir neðn byggðina í Áslandi er bæði breiður og góður. Einnig þarf að færa einn bekk til að jafna bil á milli bekkja. Sjá nánar á myndum. Það eru tveir bekkir sem hafa skemmst sem þarf að skipta út en annars var jaft bil á milli bekkja nema á einum stað og þarf að jafna það með að færa bekkinn nær stað sem er fyrir ofan litla tjörn.

Ljótt er að sjá hvað mikið af trjám eru orðin ljót og þarf að laga það því þetta svæði er algjör perla sem þarf að gæta og vernda. Gaman var að sjá hvað margt var að ganga um svæðið.



Vantar ofaníbúð og taka steina úr.



Bekkur á röngum stað



Lasin tré og þarna mætti setja bekkinn. Þessir svo og aðrir bekkir á góðum stöðum




Gott væri að fá gönguhópa innan FEBH til að ganga merktar gönguleiðir og veita umsögn og hvar þarf að bæta úr.

Verkefnisstjórnin þakkar öllum sem komið hafa að verkefninu „Brúkum bekki“ í Hafnarfirði fyrir frábært samstarf við að gera verkefnið svo öflugt að við hér í Hafnarfirði erum með bestu útfærslu á verkefninu á landsvísu.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðum Hafnarfjarðarbæjar, Félags eldri borgara Hafnarfirði og Félagi sjúkraþjálfara, verkefnisstjórn skipa. *Gylfi Ingvarsson frá Öldungaráði, Valgerður Sigurðardóttir frá FEBH. og Kristinn Magnússon sjúkraþjálfari frá Félagi sjúkraþjálfara.*



Brúnum bekki 2016

-  Framkvæmdasvið Hafnarfjarðarbæjar
-  Öldungaráð Hafnarfjarðar
-  Félag eldri borgara í Hafnarfirði
-  Félag sjúkraþjálfara
-  Tækniskólinn

Markmið verkefnis: - Að stuðla að aukinni hreyfingu eldri borgara

- Rauðar línur sýna leiðir verkefnisins þar sem bil milli bekkja er 250-300m
- Bláir deplar eru núverandi bekkir

Verkefnið hefur átt sér til ástæðu að auki að verkfræðingur er á starfi.